

## Fundargerð

Stjórnarfundur nr. 127

28.08.2023

*Stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar kom saman í húsnæði skólans mánudaginn 28. ágúst 2023 kl. 17:00. Mætt: Bjarki Þór Grönfeldt, Flosi Sigurðsson, Helgi Haukur Hauksson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir, Inga Dóra Halldórsdóttir, Fjóla Benediktsdóttir (í fjarveru Sigursteins Sigurðssonar) og Bragi Þór Svavarsson skólameistari. Gestur fundarins var Sölvi G. Gylfason.*

*Fundargerð ritaði Bjarki Þór Grönfeldt*

### 1. Fundur settur og fundargerð fyrri fundar borin upp til samþykktar

Formaður stjórnar setti fundinn. Engar athugasemdir bárust við fundargerð frá fundi nr. 125. Og var hún samþykk samhljóða.

### 2. Viðhorf útskriftarnema MB 2015-2018

Sölvi G. Gylfason kynnti könnun á viðhorfum útskriftarnema MB 2015-2018 til skólans. Mjög góð svörun var í könnuninni, en alls svöruðu 96 af 97 nemendum. Niðurstöður könnunarinnar voru skólanum mjög hagstæðar, en yfirgnæfandi ánægja var með námið. Nokkrar ábendingar komu fram um það sem betur má fara og mun skólameistari og samstarfsfólk taka ábendingarnar til skoðunar og úrbóta. Stjórn lýsir yfir ánægju sinni með þessa könnun, en eftirfylgni skiptir verulega máli bæði m.t.t. persónulegrar nálgunar og aukinna gæða í skólastarfinu. Að lokinni kynningu og umræðum vék Sölvi af fundi.

### 3. Skólaþróun MB

Rætt um framgang KVIKU og Steam greina, lífsnám, þjálfun í stafrænni hönnun og miðlun og fleira. Til umræðu var samstarf við erlenda skóla um valáfanga og að nemendur geti valið sér þriðja tungumál, mögulega í samstarfi við aðra skóla. Umræður um nýtingu KVIKU-rýmisins, vangaveltur um hvernig auka megi nýtingu hennar, en góð notkun er innan skólans en minna um utanaðkomandi.

### 4. Starfsmannamál og skólastarf

- Skólameistari kynnti niðurstöður starfsmannakönnunar sem Prósent framkvæmdi. Niðurstöðurnar eru mjög góðar og í takt við niðurstöðurnar í fyrra.
- Starfsmannamál rædd og staða þeirra í byrjun skólaárs.
- Umræða varð um ríkisframlagið til skólans, en samkvæmt því er ekki gert ráð fyrir fjölgun nemenda á milli ára.



**MENNTASKÓLI BORGARFJARÐAR**

## **5. Önnur mál**

Helgi Haukur Hauksson tilkynnti að hann muni nú láta af störfum sem stjórnarformaður af persónulegum ástæðum frá og með þessum fundi. Helgi Haukur þakkaði fyrir mjög gott samstarf í gegnum árin og óskaði skólanum alls hins besta. Stjórn færir honum þakkir fyrir störf hans í þágu skólans.

Í kjölfar afsagnar Helga Hauks er þess farið þess á leit við Borgarbyggð að tilnefna nýjan fulltrúa í stjórn fyrir næsta aðalfund sem verður haldinn vorið 2024.

Fundi slitið 19.05